

fyrir þessum drætti á málinu. Fyrir þennan drátt á málinu virðist eigi verða komizt hjá að dæma undirdómarann til að greiða sekt, sem með tilliti til þess, að undirdómarinn áður hefur sætt samskonar sekt, virðist hæfilega ákveðin 100 kr. til landssjóðs.

Málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Þórður Þorvarðsson, á fyrir ákæru sóknarans í þessu máli sýkn að vera, en greiði allan af málinu í hjerði löglega leiðandi kostnað. Undirdómarinn, Stefán Bjarnarson, sýslumaður í Árnessýslu, greiði í sekt til landsjóðs 100 krónur. Allur af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnaður, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Franz Siemens og Sigurðar Þórðarsonar, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Ídæmdur málskostnaður og sekt lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.—

Nr. 4/1886.

Kr. Ó. Þorgrímsson  
gegn  
Jóni Ólafssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 9. októbermán. 1885, var hinn stefndi, Jón rit-

stjóri Ólafsson, dæmdur til að greiða áfrýjanda, Kr. Ó. Þorgrímssyni bóksala, 120 kr. og 5% vexti frá sáttakærudegi og til borgunardags, svo og í málskostnað 12 kr. — Nefnd upphæð, 120 kr., er húsaleiga, er áfrýjandi telur sig eiga hjá hinum stefnda fyrir 4 mánuði, eða frá 13. desbr. 1884 til 16. apríl 1885.

Þessum dómi hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins og krafizt, að hann verði staðfestur, en hinn stefndi dæmdur til að greiða sjer hæflegan málskostnað fyrir yfirdómi; en hinn stefndi, sem hefur gagnáfrýjað málinu, hefur krafizt fyrst og fremst, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum áfrýjandans í þessu máli, og áfrýjandinn dæmdur í allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi, en til vara, að hann verði því að eins skyldaður til að borga umrædda húsaleigu, að áfrýjandi synji fyrir það með laganna eiði, að það hafi verið meining hans með orðum þeim, er hann talaði við gagnáfrýjanda og þá Sigfús Eymundsson og John Coghill og síðar við hinn fyrstnefnda og Valdimar Ásmundsson, að húsaleigan fyrir áður umgetinn 4 mánaða tíma skuli vera innifalin í verði hússins.

Á uppboðsþingi 12. desbr. 1884 á húseigninni Nr. 2 á Arnarhólslóð varð áfrýjandi hæstbjóðandi, og var það boð samþykkt daginn eptir. Samkvæmt 3. gr. uppboðsskilmálanna skyldi hann geta komizt að eigninni 14. maí 1885, en sá, er í húsinu bjó, það er gagnáfrýjandinn, skyldi greiða honum húsaleiguna frá þeim degi boðið væri samþykkt (13. desbr.) eptir samkomulagi við hann.

Hinn 16. dag aprílmán. 1885 seldi áfrýjandi gagn-

áfrýjanda húsið, og er ekki í afsalsbrjefinu húsaleigunnar 13. desbr. til 16. apríl getið að neinu.

Það er enginn ágreiningur milli málspartanna um það, að gagnáfrýjanda hafi verið skylt að greiða aðaláfrýjanda hina umþráttuðu húsaleigu, en gagnáfrýjandi hefur haldið því fram, að aðaláfrýjandi hafi, þá er hann seldi honum (gagnáfrýjanda) húseignina, gefið sjer hana eptir eða látið hana vera innifalda í þeirri upphæð, er hann skyldi greiða fyrir húseignina — en hún var talsvert meiri en sú upphæð, er aðaláfrýjandi hafði gefið fyrir hana —, og því til sönnunar hefur hann leitt nokkur vitni. — Vitnið Valdimar Ásmundsson hefur borið það, „að Kr. Ó. Þorgrímsson skömmu eptir að hann seldi Jóni Ólafssyni hús í fyrra vor hafi kannazt við í áheyrn sinni og annars manns, sem hann eigi man með vissu hver var, að húsaleigan hefði verið innifalin í verðinu, fyrir þann tíma, er Kristján hefði verið eigandi hússins. Vitnið Sigfús Eymundsson hefur borið, að hann hafi verið viðstaddur er Kristján Þorgrímsson bóksali seldi Jóni ritstjóra Ólafssyni hús í vor, og að Kristján þá hafi kannazt við, að „nú væri allt klárt milli þeirra“; verzlunarmaður John Coghill hefur vottað, að það hafi verið skýr samningur milli Jóns Ólafssonar og Kristjáns Þorgrímssonar, að það væru engar frekari kröfur á hendur Jóni útaf húsi því, er han nú býr í. Af þessum vitnisburðum og vottorðum hljóðar að eins vitnisburður Valdimars Ásmundssonar beinlínis um húsaleiguna, og vottorð Coghills hefur eigi verið staðfest fyrir rjetti; er því ekki lögmet sönnun fengin fyrir því, að aðaláfrýjandi hafi gefið gagnáfrýjanda eptir húsaleiguna. En svo miklar líkur virðast með

þeim vera fengnar, að rjett sje samkvæmt l. 1—14—6 að láta úrslit málsins vera komin undir því, að áfrýjandi synji fyrir með eiði, að hann hafi samið svo við gagnáfrýjanda, eða það verið meining hans, þá er hann seldi honum húseignina, að húsaleigan frá 13. desbr. 1884 til 16. apríl 1885 skyldi innifalin í húsverðinu. — Vinni hann svofeldan eið, skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður, en málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eiga að falla niður; en treysti hann sjer ekki til að vinna svofeldan eið, á gagnáfrýjandi að vera sýkn af kærnum hans og kröfum í þessu máli, en málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Svo framarlega sem aðaláfrýjandi, Kr. Ó. Þorgrímsson bóksali, eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi samið svo við gagnáfrýjanda eða það verið meining hans, þá er hann seldi gagnáfrýjanda húseignina Nr. 2 á Arnarhólslóð, að leigan af því frá 13. desbr. 1884 til 16. apríl 1885 skyldi vera innifalin í húsverðinu, skal bæjarþingsdómnum óraskað, en málskostnaður fyrir yfirdómi falla niður. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofeldan eið, á gagnáfrýjandi Jón Ólafsson að vera sýkn af kærnum hans og kröfum í þessu máli, en málskostnaður fyrir báðum dómum falla niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birting hans undir aðför að lögum. —

Mánudaginn 24. maímán.

Nr. 44/1885.

Undirfellsprestakall

gegn

Jónasi Guðmundssyni.

Dómur:

Með því afstöðuuppdráttur sá, sem lagður hefur verið fram í merkjadómi í þessu máli, og sem, eptir því sem segir í merkjadómsgjörðunum, var hafður við hendina til hliðsjónar við merkjagönguna á þrætu-landið, og af öllum hlutaðeigendum, dómendum og málsaðilum, er talinn greinilegur og nákvæmur og gott að átta sig á honum, ekki hefur verið lagður fram í yfirdómi, verður ekki hjá komizt að vísa málinu frá yfirdómi. — Stefndi mætti ekki og enginn af hans hendi.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá landsyfirdóminum.

Nr. 32/1885.

Daníel prófastur Halldórsson  
fyrir hönd jarðarinnar Hólma

gegn

Eiríki Bjarnasyni,  
sem eiganda Borga.

Dómur:

Mál þetta er risið útaf ágreiningi um landamerki milli jarðanna Hólma í Reyðarfirði og Borga. Með